

skal á við umsókn styrkja, fyrirkomulag útborgunar á námsstyrkjum, hvaða upplýsingar umsækjandi skuli veita þegar sótt er um námsstyrk og aðrar reglur er varða nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, með síðari breytingum.

Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Tómas Ingi Olrich.

LÖG

um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verður 9. tölul., sem orðast svo: Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein, að undanskildum 9. tölul. 1. mgr. Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu skv. 9. tölul. 1. mgr. Gera má að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar tolls samkvæmt þessari grein að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Guðni Ágústsson.